



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
3 Innra mat deilda Hulduheima.....	10
3.1 Endurmat umbótaþátta Álfhóll veturinn 2020-2021.....	10
3.2 Endurmat umbótaþátta Sólskinsbæjar veturinn 2020-2021.....	13
3.3 Endurmat umbótaþátta Kardemommubæjar og Sjónarhóls veturinn 2020 – 2021.	18
4 Innra mat sérkennslu.....	23
5 Innra mat – fjöltyngd börn	25
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	26
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
8 Foreldrasamvinna.....	29
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10 Fylgigögn.....	31
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	31
10.2 Endurmat barna 2021-2022.....	36



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil“

Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru Virðing –Gleði – Vinátta, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk (sjá skólanámskrá á heimasíðu bls. 7-10)

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar.við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og segir í laginu „Gleðibankinn“ þá er enn og aftur komið að gerð starfsáætlunar því „tíminn líður hratt á gervihnattaöld“. Það er mikill hraði og álag í starfsemi leikskóla en starfsfólk leikskóla er mjög lausnamiðað og hefur sýnt æðruleysi og yfirvegun í öllu sem á hefur gengið. Það er þakklæti sem er efst í huga mér við starfsfólk Hulduheima vegna eljusemi og lausnamiðaðrar vinnu við þessar frábrugðnu aðstæður, hraða og álagi. Þið eruð mínar hetjur.

Það hafa verið og verða í haust nokkrar breytingar á stjórnendahópi leikskólans. Inga Birna tók við starfi aðstoðarleikskólastjóra í mars á þessu ári. Ólöf sérkennslustjóri hættir störfum í haust og hefur Bryndís deildarstjóri á Sjónarhóli verið ráðin sem nýr sérkennslustjóri, Vilborg deildarstjóri á Sólskinsbæ mun taka við deildarstjórn á Sjónarhól og ráðinn verður nýr deildarstjóri á Sólskinsbæ. Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkurborgar heldur áfram af fullum krafti næsta skólaár og munum við áfram leggja áherslu á sköpun þar sem börnin fá að hafa áhrif á umhverfi sitt ásamt því að bæta við sjálfsefningu þar sem unnið er með sterka sjálfsmýnd og trú á eigin getu. Kennsluáðferðin „Leikur að læra“ er komin vel af stað hjá okkur og er að festa sig í sessi ásamt vináttuverkefninu „Blæ“ og ætlum við að hafa minna um skipulagðar „Blæstundir“ og flétta vináttuverkefnin inn í allt starf og grípa þau tækifæri sem gefast. Við lítum til hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem sjálfstæði, sjálfsefning, lýðræði, skapandi starf og uppeldisfræðileg skráning er rauði þráðurinn gegnum hugmyndafræðina. Við stefnum á horfa enn fastar til Reggio og ætlum að leggja mikla áherslu á leikinn, opinn efnivið, flæði, sköpun, skráningu og sjálfsefningu. Við sóttum um styrk í B hluta menntastefnunnar ásamt Borgaskóla um vinnslu ferilmöppu barna frá 1 árs – 12 ára, þar sem námsferil barna er skráður í máli og myndum. Því miður fengum við ekki styrkinn að þessu sinni en stefnum á að sækja um að ári. Við munum efla okkur en frekar næsta starfsár í uppeldisskráningu og ferilmöppugerð. Lærdómssamfélag leikskólans hefur gengið vel og hafa teymisfundir verið haldnir reglulega yfir starfsárið. Barnaþing var endurvakið á starfsárinu og var unnið í litlum hópum með tvo elstu árganga skólans. Unnið var með barnasáttmálann á barnaþinginu þar sem börnin fengu tækifæri á efla lýðræðislega hugsun og hafa áhrif á skipulag skólastarfsins.

Matsalur fyrir eldri tvær deildarnar hefur gengið vonum framar og stefnum við á að hafa sama fyrirkomulag fyrir tvær yngri deildarnar, þar sem börnin efla sjálfstæði sitt við að skammta sjálf, hella í glas, skera matinn og aðstoða hvort annað með aðstoð starfsfólks til að byrja með. Flæði verður í matsal. Vinna með leikinn og opinn efnivið verður tekið skrefinu lengra á næsta starfsári og munum við auka aðgengi barna að efnisveitu okkar.

Við erum enn að skoða nýtt fyrirkomulag varðandi foreldrafundi og langar okkur að gera kynningarmyndband þar sem áherslur og starf leikskólans koma fram í máli og myndum. Ef okkur tekst þetta verður myndbandið sent á foreldra, sett á heimasíðu og facebook síðu leikskólans þar sem hver og einn getur skoðað það þegar hentar.

Við vorum með tæknistuna síðasta starfsár þar sem börn og starfsfólk kynnti sér innihald hennar og hvaða möguleika hún gefur okkur til að efla okkur í upplýsingatækni. Við vorum með tvisvar á síðasta starfsári með Hour of code eða tækniklukkutíma sem að heppnaðist gríðarlega vel, en þá vorum við með stöðvar með mismunandi verkefnum. Börnin fóru á milli stöðva og fengu að skoða og prófa



allskonar tæknidót. Þessir tækniklukkutímar heppnuðust það vel að tækniklukkutími er orðin partur af leikskólastarfi.

Jólasamvera/verkstæði okkar sem við höfum haldið í nóvember var án foreldra í nóvember síðastliðnum en stefnum á að það verði allir saman börn, fjölskyldur og starfsfólk að þessu sinni.

Skipulagsdagar eru sex á starfsárinu og er hægt að sjá alla skipulagsdagana á skóladagatali 2021-2022. Við munum halda áfram að fara yfir allar áætlanir, lagfæra og gera nýjar þar sem við á. Við erum byrjuð að vinna við endurskipulagningu heimasíðu leikskólans og verður henni framhaldið næsta starfsár. Við hlökkum til næsta starfsárs í góðri samvinnu við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Starfsmannakönnun var send út í byrjun árs og eru þar nokkrir þættir sem leggja þarf áherslu á næsta skólaár. Mjög slæm þátttaka var og voru eingöngu 11 starfsmenn sem svöruðu könnunni. Það voru fimm þættir sem höfðu lækkað á milli ára en varla sjáanlegur munur en þeir þættir eru; starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, viðurkenning, ímynd og vinnuaðstaða.

Þær spurningar sem horft var til eru:

- „Ég tel mig búa við starfsöryggi“?

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Ræða á deildarfundum og starfsmannafundum hvernig við getum bætt starfsöryggi okkar.

- „Færð þú stuðning og hjálp með verkefni hjá vinnufélögum þínum“?

Styrkleikar: Að við vinnum vel saman sem ein heild og getum tekið gagnrýni með opnum huga.

Tækifæri til umbóta: Að við horfum á okkur sem eina heild og getum talað saman og tekið gagnrýni.

- „Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf“?

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Hvað er það sem við viljum að okkur sé hrósað fyrir?

- „Starfsstaður minn hefur góða ímynd“?

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Hvernig viljum við sem ein heild að ímynd starfsstaðarins sé? Ef við horfum á leikskólann sem manneskju hvernig manneskja er hún?

- „Hjá mér er gott jafnvægi milli starfs og einkalífs“?

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Með styttingu vinnuvikunnar gæti þetta breyst og að betra jafnvægi skapast á milli starfs og einkalífs.



Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans í tölvupósti.	Starfsmenn Mjög dræm þátttaka einungis 11 sem svöruðu	Í heildina er leikskólinn að koma ágætlega út
Innra mat	Með opnum spurningum á skipulagsdegi í apríl 2021	Starfsmenn leikskólans	Að við vinnum vel saman sem ein heild og getum tekið gagnrýni með opnum huga. Við í heildina stöndum okkur vel sem við metum þannig að börnin koma glöð til okkar á morgnanna og fáum jákvæðar umsagnir frá foreldrum. Unnið eftir skipulagi og starfsfólk reynir sitt besta að vera sveigjanlegt. Vinna þarf meira með skapandi starf og ekki festast í að allir þurfa að gera eins. Starfsmenn þurfa að vera duglegri að tala meira saman og vera opnari fyrir nýjum hugmyndum.
Innra mat / vinnustytting	Með opnum spurningum á skipulagsdegi í apríl 2021	Starfsmenn leikskólans	Það er almenn ánægja með upplifun vinnustyttingar. Það gefur auka orku og brýtur upp vikuna á skemmtilegan hátt. Það er aukið álag þegar starfsmaður fer af deildinni og enginn kemur í manns stað sem hefur áhrif á bæði starfið og á börnin. Ekki nægilegur tími til að sinna ákveðnum verkefnum. Það má lítið út af bregða. Vantar upp á sveigjanleika og skilning hjá starfsfólkinu.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Könnun send á alla foreldra	Foreldrar og svörun var um 78%	Í heildina voru foreldrar ánægðir með hversu vel barni þeirra líður í leikskólanum og að barnið sitt taki stöðugum framförum. Þeim finnst ábendingum sínum vera vel tekið. Leikskólinn eflir sjálfstraust barna og upplifa foreldrar gott viðmót og góð samskipti í garð leikskólans. Leikskólanum er vel stjórnað og foreldrar eru almennt ánægðir með stefnu leikskólans þar sem ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Halda áfram að vinna eftir kennsluaðferðinni „Leikur að læra“	Starfsmenn í „Leikur að læra“ teyminu sjá um eftirfylgni að innleiðingu kennsluaðferðarinnar.	Hefst í sept. 2021 og lýkur í maí 2022.	Deildarmat 1 x í mánuði. Teymið gerir lokamat að vori.	Að „Leikur og læra“ endurspeglar í starfi skólans. Skoða mat frá deildarfundum og fundargerðum teymis.
Vináttu verkefnið „Blær“	Að allar deildar haldi áfram að vinna markvisst með vináttuverkefnið „Blær“.	Starfsmenn í „Blær“ teyminu sjá um eftirfylgni og koma áfram hugmyndavinnu til starfsfólks.	Byrja í sept. 2021 og lýkur í maí 2022.	Deildarmat 1x í mánuði. Teymið gerir lokamat að vori.	Að vináttuverkefnið sé virkt og endurspeglar í starfi leikskólans.
Félagsfærni	Að auka hæfni einstaklingsins til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti.	Frjáls leikur, að kennari sé til staðar í leik barnanna og aðstoði við að þróa leik þess. Einnig með vináttuverkefninu „Blær“ og „Leikur að læra“	Hefst september 2021 og lýkur í maí 2022.	Ábyrgðaraðili er deildarstjóri. Framkvæmt af deildarstjóra og deildarstarfsmönnum.	Matstækið er gátlisti um „sjálfsmynd og félagsfærni“ sem unninn er fyrir foreldraviðtöl í okt/nóv og mars/apríl. TRAS fyrir börn tveggja ára og eldri. Umræður á deildarfundum.
Barnaþing	Að börn geti haft áhrif með hliðsjón af Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.	Barnaþing einu sinni í mánuði, 5-6 börn í hóp. Barnaþing er fyrir tvo elstu árgangana. Börnin svara fyrirfram ákveðnum opnum spurningum. Unnið verður út frá svörum barnanna.	okt og nóv, febr, mars og apríl.	Deildarstjórar og stjórnandi barnaþings.	Endurmetið í lok hvers barnaþings.
Sköpun	Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun, einnig að efla þekkingu sína,	Börnin hafa áhrif á umhverfi sitt, samfélagið og starfið innan leikskólans.	Hefst í sept. 2021 og lýkur maí 2022.	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði og á starfsmannafundi í maí 2022.	Niðurstöður úr gátlista og umræðum á deildarfundum.



	frumkvæði og leikni með fjölbreyttum áskorunum og opnum spurningum				
Matsalur	Að öll börn leikskólans fái að njóta sjálfstæðis	Hvert barn skammtar sér sjálft á disk og lærir að þekkja sín mörk. Barnið öðlast sjálfstæðis og trú á eigin getu.	Hefst í ágúst 2021	Á stjórnenda- og deildarfundum.	Að sjálfstæði barna fái að skína í gegnum leikskólastarfið á öllum sviðum.
Efnisveita	Að allur efniviður sé aðgengilegur. Barnið geti sjálft náð sér leikefnivið og efnivið til sköpunar.	Barnið lærir að umgangast efnivið sem er aðgengilegur og lærir að bera virðingu fyrir umhverfinu.	Hefst í ágúst 2021	Á stjórnenda og deildarfundum.	Að barnið hafi tækifæri til að sækja sér sjálft bæði leikefnivið og efnivið til sköpunar úr efnisveitu leikskólans.
Opinn efniviður	Að auðga leik barna og að barnið sjálft læri að skapa sér leikaðstæður.	Að opinn efniviður sé aðgengilegur þannig að barnið sjálft geti skapað sér góðar leikaðstæður.	Hefst í ágúst 2021	Á stjórnenda- og deildarfundum.	Að frjáls leikur barna með opinn efnivið fái að láta ljós sitt skína í gegnum leikskólastarfið.
Heimasíða	Að heimasíða leikskólans sé aðgengileg og auðlesin. Þar sé hægt að fá réttar upplýsingar um starf leikskólans.	Að allar helstu upplýsingar sem viðkemur leikskólanum séu þar aðgengilegar. Myndir af starfinu séu settar þar inn reglulega ásamt helstu fréttum.	Hefst í júní 2021	Á stjórnendafundi einu sinni í mánuði.	Að gott aðgengi sé að helstu upplýsingum og helstu fréttum inn á heimasíðunni. Upplýsingaflæði verði gott.

3 Innra mat deilda Hulduheima

3.1 Endurmat umbótaþátta Álfhóll veturinn 2020-2021

Viðverumerkingar: Í heildina gekk þetta vel, listi var gerður fyrir flæðilestur, könnunarleik, tónlistarstund, þeir voru aðgengilegir starfsfólki þar sem stundirnar fóru fram. Starfsfólk merkti samviskusamlega við og fór deildarstjóri yfir öðru hvoru.

Styrkleikar: Það var auðveldara að fylgjast með hvort stundirnar voru framkvæmdar og hvaða börn fengu þessar stundir, hvað var verið að vinna með, hvort að tímasetning hentaði, meiri yfirsýn.

Tækifæri til umbóta: Ákveðið að halda áfram með viðverumerkingar næsta vetur, er að gefast vel. Bæta jafnvel við áherslupáttum fyrir hvern mánuð.

Dúkkukrókur



Efnivið fyrir dúkkukrók var komið fyrir á aðgengilegan hátt fyrir börnin á svæðinu fyrir framan yngri deildar. Ekki gekk vel að afmarka svæðið þannig að það héldi utan um börnin þannig að leikurinn fengi að þróast.

Styrkleikar: Það gafst tækifæri til að skoða leik barnanna á svæðinu og skapaðist oft góður leikur með efniviðinn sem þróaðist á jákvæðan hátt þegar fá börn voru frammi t.d. snemma að morgni og eftir hvíld, þegar börnum fjölgaði flosnaði leikurinn upp, kannski vegna þess að svæðið var ekki afmarkað.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að reyna að finna æskilegan stað fyrir þennan efnivið.

Leikur að læra:

Farið var í þrjár stundir með elstu börnin fyrir áramót. Farið var í heiti lita og að para saman liti. Börnin voru einnig að æfa sig í að bíða þar til kæmi að þeim. Erfitt að var að festa Leikur að læra í dagskipulagi án þess að taka eitthvað út, skipulag varð of mikið.

Styrkleikar: Sáum að börn um tveggja ára aldur í 3-4 barna hóp hafa gaman af og getu til að vera í þessum stundum.

Tækifæri til umbóta: Leggja áherslu á að kynna „Leikur að Læra“ eftir áramót. Leggja áherslu á dýrin, heiti, dýrahljóð, hugtök. Taka einn mánuð í þetta, minni áhersla á annað starf á meðan

Lubba stundir:

Hafa gengið vel, en þær tengjast barni vikunnar. Vel hefur gengið að halda utan um en foreldra mis duglegir að senda myndir. Börnin eru áhugasöm og spennt og sýni þessu mikinn áhuga. Vel hefur gengið með skráningar.

Styrkleikar: Börnin orðin mjög dugleg að klappa nafnið sitt sem og önnur orð. Þau eru áhugasöm í að sýna og reyna að segja frá því sem er að gerast á myndum sem foreldra senda, ýtir undir tjáningu þeirra og sjálfstraust.

Tækifæri til umbóta: Næsta vetur verða þessar stundir í samveru að morgni sem verða tvískiptar. Virkja foreldra í að senda myndir að heiman.

Lestrar kósý horn

Settum upp tjald á mottu og höfðum bækur aðgengilegar, gekk í smá tíma, börnin sóttu í þetta. Svæðið of lítið afmarkað, stöðugur umgangur þannig að lítil ró náði að skapast. Tjaldið féll oft saman.

Styrkleikar: Börnin náðu sér í bækur og fóru með þær inn í tjaldið og skoðuðu, að sjá var upplifun þeirra jákvæð, sáum þau skiptast á bókum, eiga samskipti sín á milli og ná sér í fleiri bækur.

Tækifæri til umbóta: Á þessu svæði er hægt að útbúa gott horn með smá tilkostnaði, eins og góðu skil-rúmi/bókahillu, mottu, púðum og jafnvel útbúa tjald yfir úr þunnu efni.

Flæði stöðva vinna.

Unnum með flæði í ýmsum verkefnum eins og í jóla- og listsköpun. Náðum ekki að sinna því eins vel og við lögðum upp með eftir hádegi sem m.a. má rekja til styttingu vinnuvikunnar.

Styrkleikar: Börnin fengu nægan tíma og að vinna með fjölbreytan efnivið í sköpun sinni, lögð var áhersla á einstaklinginn, sáum greinilega framfarir hjá börnunum og þau urðu öruggari með sig, sköpun var fjölbreytt.

Tækifæri til umbóta: Að skilgreina betur hvað við teljum vera flæði.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lestrar kósý horn	Útbúa afmarkað svæði inn á deild	Gera bækur aðgengilegar, svæðið aðlaðandi og afmarkað.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar fram- kvæma	OKT 2021	Nóv	Meta á deildafundum, taka ljósmyndir og gera skráningar. Fyrir og eftir myndir.	Að börn og starfsfólk hafi aðgang að svæði þar sem hægt er að eiga notalega stund og lesa bækur, börnin læri að umgang- ast og hafi greiðan aðgang að bókum.
Viðverumerkingar	Að fá betri yfirsýn yfir þroskastöðu/færni hvers barns.	Gera skráningarblöð sem hægt er að nota til skráninga í nokkrum þáttum starfsins.	Deildar-stjóri og deildar- starfsmenn.	okt	maí	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið.	Er að vera vel upplýstur hvað þarf að þjálfra hjá barninu. Höfum samanburð af skráningum, góð leið til að upplýsa foreldra.
Leikur að læra sjá Svanlaug	Að kynna „Leikur að Læra“ eftir áramót fyrir börnunum.	Taka einn mánuð í þetta, minni áhersla á annað starf á meðan, gera áætlum um hvað eigi að leggja inn. Hvert barn fái 2-4 stundir.	Deildarstjóri og deildar- starfsmenn	Feb 2022	Mars 2022	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið.	Skoða skráningar, ræða á deildarfundi
Deildarfundir	Hafa 30-40 mínútna deildarfund einu sinni í viku.	Setja á ákveðinn tíma fyrir fundi.	Deildar- stjóri, deildarstarfs- menn	Sept 2021	Júní 2022	Fundargerðir	Gera starfið faglegra, samræma það sem við erum að gera og að



							starfsmenn verði upplýstari. Starfsmenn skrái hjá sér hvort þeir finni breytingar/ ávinging.
Opinn efnivið	Að kynna opinn efnivið fyrir börnunum og skapa börnunum góðar leikaðstæður.	Skrá niður opinn efnivið sem eigum og óska eftir viðbót ef þörf er á.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Okt 2021	Júní 2022	Myndaskráningar og umræður á deildarfundum það þarf að taka myndir af börnunum í leik með opinn efnivið. Matið fer þannig fram að börnunum verða sýndar myndirnar af þeim í leik með efniviðinn og svörin skráð á blað.	Bera saman myndaskráningar og svör barnanna.
Skráningar	Að virkja alla starfsmenn í að gera skráningar	Deildarstjóri leiðbeinir á deildarfundum, starfsmenn vinna í undirbúnings-tíma	Deildarstjóri	Okt 2021	Júlí 2022	Skoða skráningar á deildarfundum einu sinni í mánuði.	Skráningarnar skoðaðar og starfsmenn meta eigin kunnáttu.

3.2 Endurmat umbótaþátta Sólskinsbæjar veturinn 2020-2021

Endurmat Sólskinsbæjar 2020-2021

Upphaf skólaársins var að mörgu leiti léttara en hefur verið þar sem stór hluti aðlögunar var búin fyrir sumarfrí. Það voru 10 börn sem voru komin 5. júní, níu komu frá Álfhóli og eitt nýtt barn í leikskólann. Það var svo 25. ágúst sem fjögur börn komu frá Álfhóli og var þá öll aðlögun búin. Það léttir mikið á haustinu þegar aðlögun milli deilda er fyrir sumarfrí þá er starfsfólk og börn búin að kynna hvort öðru og allt skipulagt starf fer fyrr af stað.

Það voru 19 börn á deildinni 10 börn fædd 2017 og níu börn fædd 2018. Þetta starfsár var óstöðugt líkt og seinni hluti síðasta skólaárs vegna covid-19. En það var líka fleira sem kom til eins og stytting



vinnuviku sem tók gildi í byrjun árs, það tók sinn tíma að koma því inn í skipulagið. Dagskipulaginu þurfti að breyta nokkrum sinnum og aðlaga að breyttu vinnuumhverfi.

Fyrir hvern mánuð var gerð námsáætlun sem var unnin út frá skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Farið var yfir námskrána á deildarfundum og síðasti mánuður endurmetinn. Námskráin var aðgengileg fyrir alla starfsmenn og gekk vel að vinna eftir henni. Viðburðardagatal var gert fyrir hvern mánuð og sent til foreldra og hengt upp á deildinni.

Mikil áhersla var lögð á málörvun og öll tækifæri notuð til að veita hverju barni tækifæri til að tjá sig og tala við það. Mikið var lesið fyrir börnin í samverustundum og einstaklingslega eða í minni hópum, söngstund var einu sinni á dag.

Foreldrasamstarf fór mest fram í tölvusamskiptum þar sem leikskólinn var mikið lokaður fyrir foreldrum. Það gekk mjög vel og voru foreldrar duglegir að hringja eða senda tölvupóst. Foreldraviðtöl fóru fram í síma eða á TEAMS og það var jákvætt þá náðist að tala við alla foreldra. Foreldrar voru í þessum viðtölum jákvæðir og sögðu að börnin þeirra væru ánægð í leikskólanum og að þeir væru ánægðir með skólann.

Endurmat umbótaþátta 2020-2021

Leikur að læra: Stundirnar ganga vel en þær hafa fallið dálítið niður vegna veikinda og forfalla starfsmanna. Markmiðum hefur verið náð með hverri stund og hafa verið þróaðar m.t.t. að bæta við þekkingu þeirra og færni.

Styrkleikar: Börnin læra að vera í hópi (5 börn í hópi) og verða að taka tillit til hvers annars. Stundirnar höfðuðu vel til barnanna þau voru tilbúin til að fara í stundirnar og voru þátttakendur og það var gaman hjá þeim.

Tækifæri til umbóta: Taka Leikum og læra stundir í þema 3-4 vikur og vinna markvisst með það og hafa þá minni áherslu á annað starf á meðan. Leggja áherslu á litina, tölur (1-10) og fyrsta staf barnsins.

Lubbastundir: Lubbastundir voru tengdar barni vikunnar og gengu þær vel. Það var mikið unnið með fyrsta staf barnsins hljóðið, táknið og stafurinn, sungið Lubbalagið, farið í hlutina sem eru í Lubbakassanum og við sungum um hvern hlut með því að finna hann í dýragarðinum (Ég fór í dýragarð í gær..) það var æft að ríma og þá var lögð áhersla á orð sem tengdust stafi barnsins. Það var æft að klappa nöfn barnanna og ýmis orð sem kennari sagði. Þetta var gert í 2-3 samverustundum í viku.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og vissu þegar farið var að vinna með Lubba og barn vikunnar hvað var verið að fara að gera og flest þeirra voru virkir þátttakendur og yfir veturinn var hægt að sjá miklar framfarir hjá þeim. Þau voru flest öll farin að vita hvað staf hvert barn á, farin að ríma og klappa nöfnin og fleiri orð.

Tækifæri til umbóta: Við komum til með að hafa þessar stundir með svipuðu snið þar sem þær henta vel. Það sem við gætum bætt við að gera nákvæmari skráningar um ákveðna þætti í þessum stundum. En það eru alltaf gerðar skráningar sem foreldrar fá heim í lok þeirrar viku sem barnið þeirra er barn vikunnar.

Flæði/stöðvavinna: Í byrjun gekk þetta vel við náðum að halda dagskipulaginu með flæði og skiptum þá í þrjá hópa þannig að einn hópur fór út og inni vorum við með sköpun og fyrir fram ákveðið verkefni



í leikstofu og þeir hópar sem voru inni fengu að fara í bæði verkefni. Það var skráð niður hvaða hópur fór út hvern dag þannig að allir fengu að gera sömu verkefni.

Styrkleikar: Fjölbreytt verkefni og börnin fengu að njóta sín í litlum hópi.

Tækifæri til umbóta: Það þarf að skipuleggja svona vinnu á annan hátt og verður það tekið til endurskoðunar í þeirri skipulagningu sem er verið að vinna núna.

Dúkkukrókur: Ekki tókst að setja dúkkukrók upp í opna rýminu fyrir framan deildarnar þar sem börnin gætu gengið að honum sem föstu svæði. Það var settur efniviður á aðgengilegan hátt í hillur en leikurinn þróaðist aldrei eins og við hefðum viljað sjá hann gera.

Styrkleikar: Gott var að sjá hvernig leikur barnanna var á meðan fá börn voru á svæðinu en þegar fjölgaði í hópnum þá var of mikil truflun þar sem svæðið var ekki afmarkað. Það er hægt að nota þetta svæði fyrst á morgnana en eftir það er mikil umferð þarna og mörg börn.

Tækifæri til umbóta: Það verður fundinn staður inni á deild til að börnin geti haft greiðan aðgang að þessu leikfni.

Viðverumerkingar: Það voru gerðir listar yfir tónlistarstund, könnunarleikinn, flæðilestur, gönguferðir, Leikur að læra og Blæ stund. Þessir listar voru aðgengilegir fyrir starfsfólkið og var merkt samviskusamlega við og passað uppá að allir fengju sinn tíma.

Styrkleikar: Auðvelt að fylgjast með því hvort stundirnar hefðu verið og hvort allir fengju sína stund. Deildarstjóri fór yfir viðverumerkingar mánaðarlega og hafði því meiri yfirsýn. Ef eitthvað þurfti að bæta eða hrósa þá var það gert á deildarfundi.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með viðverumerkingar þar sem þær eru að gefast mjög vel.

Lestrar/kósýhorn: Þegar líða tók á skólaárið settum við tjald á mottu og púða. Bækur voru aðgengilegar og börnin sóttust í það að sitja inni í tjaldinu að skoða bók. Þetta svæði var illa afmarkað og var mikil truflun og skapaðist því lítill friður fyrir börnin.

Styrkleikar: Börnin höfðu gaman að því að setjast inn í tjaldið og skoða bók, þau skiptust á bókum og oft sköpuðust umræður hjá þeim um bækurnar.

Tækifæri til umbóta: Væri hægt að skapa rólegra lestrarhorn með smá tilkostnaði t.d. með skilrími/bókahillu, mottu og púðum. Verður sett í umbótaþætti næsta árs.




UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Viðverumerkingar	Að fá meiri yfirsýn yfir þroskastöðu/færni barnsins.	Gerum skráningarblöð sem hægt er að nota í öllum þáttum starfsins.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Okt 2021	Mai 2022	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið	Er að vera vel upplýstur hvað þarf að þjálfa hjá barninu. Höfum samanburð af skráningum, góð leið til að upplýsa foreldra.
Leikur að læra	Að kynna „Leikur að Læra“ eftir áramót fyrir börnunum	Taka einn mánuð í þetta, minni áhersla á annað starf á meðan, gera áætlum um hvað eigi að leggja inn. Hvert barn fái 2-4 stundir.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Feb 2022	Mars 2022	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið	Skoða skráningar, ræða á deildarfundum
Lestrar kósýhorn.	Útbúa afmarkað svæði inni á deild	Gera bækur aðgengilegar, svæðið aðlaðandi og afmarkað	Deildarstjóri og starfsmenn deildar framkvæma	Okt 2021	Nóv 2021	Meta á deildafundum, taka ljósmyndir og gera skráningar. Fyrir og eftir myndir.	Að börn og starfsfólk hafi aðgang að svæði þar sem hægt er að eiga notalega stund og lesa bækur, börnin læri að umgangast bækur og hafi greiðan aðgang að þeim.



Deildarfundir	Hafa deildarfund einu sinni í viku í 30-40 mín.	Setja á ákveðinn tíma fyrir fundi.	Deildarstjóri	Sept 2021	Júní 2022	Fundargerðir	Gera starfið faglegra, samræma það sem við erum að gera og starfsmenn upplýstari.
Opinn efniviður	Að kynna opinn efnivið fyrir börnunum og skapa barninu leikaðstæður.	Skrá niður opinn efnivið sem eigum og óska eftir viðbót ef þörf er á.	Deildarstjóri, deildarstarfsmenn.	Okt 2021	Júní 2022	Myndaskráningar og umræður á deildarfundum	Bera saman myndaskráningar og spyrja börnin einfaldra spurninga og skrá þær.
Skráningar	Að virkja alla starfsmenn í að gera skráningar	Deildarstjóri leiðbeinir starfsmönnum á deildarfundum. Skráningar unnar í undirbúningstíma	Deildarstjóri	Okt 2021	Júlí 2022	Skoða skráningar á deildarfundum einu sinni í mánuði.	Skráningarnar og starfsmenn meta eigin kunnáttu.
Viðverumerkingar	Að fá meiri yfirsýn yfir þroskastöðu/færni barnsins.	Gerum skráningarblöð sem hægt er að nota í öllum þáttum starfsins.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Okt 2021	Mái 2022	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið	Er að vera vel upplýstur hvað þarf að þjálf hjá barninu. Höfum samannburð af skráningum, góð leið til að upplýsa foreldra.
Leikur að læra	Að kynna „Leikur að Læra“ eftir áramót fyrir börnunum	Taka einn mánuð í þetta, minni áhersla á annað starf á meðan, gera áætlum um hvað eigi að leggja inn. Hvert barn fái 2-4 stundir.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Feb 2022	Mars 2022	Skráningar á virkni barnsins sem gerð er á skráningarblöð af starfsmanni sem ekki sér um stundina 3-4 sinnum yfir skólaárið	Skoða skráningar, ræða á deildarfundum





3.3 Endurmat umbótaþátta Kardemommubæjar og Sjónarhóls veturinn 2020 – 2021. Greinagerð Kardemommubæjar og Sjónarhóls

Skólaárið 2020 – 2021 voru á Kardemommubæ tólf börn fædd árið 2016, níu þeirra voru annað árið sitt á deildinni. Einnig voru á deildinni níu börn fædd árið 2017 en þau komu frá Sólskinsbæ, annarri yngri deild leikskólans. Aðlögun gekk mjög vel hjá flestum en þrjú börn voru aðeins lengur að aðlagast. Á Sjónarhóli voru 22 börn, 13 börn fædd 2015 og níu börn fædd 2016. Fimm börn fædd 2015 komu yfir frá Kardemommubæ og fimm ný börn byrjuðu hjá okkur í ágúst. Auk þess komu níu börn fædd 2016 frá yngri deildum. Aðlögun gekk mjög vel.

Unnin var námsáætlun fyrir hvern mánuð út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Dagskipulag Kardemommubæjar og Sjónarhóls var samræmt og hugað vel að því jafnvægi væri á milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins inni og úti. Unnar voru námsáætlanir fyrir vináttuverkefnið Blæ, tónlistarstundir og Leikur að læra. Gert var ráð fyrir einni skipulagðri stund í dagskipulaginu fyrir hvern þátt. Einnig kom fram í dagskipulaginu að hvert barn fengi tækifæri til að fara í gönguferð/ferð aðra hverja viku og vinna þá verkefni tengd leikur að læra. Námskeið um slökun og leiðir til að dvelja í núinu var haldið á skipulagsdegi að hausti og því námsefni gefið rími í dagskipulaginu. Í febrúar byrjuðu börnin svo að fara í hreyfistund einu sinni í viku. Um miðjan nóvember og fram til 12. janúar gerðum við hlé á hópastarfi og lögðum áherslu á leikinn og undirbúning fyrir jólin. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófs. Haldið var áfram með flæði í matartímum.

Vel gekk að fylgja eftir dagskipulagi deildanna en við þurftum að færa slökunar- og núvitundaræfingar inn í samverustundir og í hvíld eftir hádegismatinn. Að vinna verkefni í gönguferðum tengdum Leikur að læra tókst ekki sem skyldi og svo kom það fyrir að ekki var hægt að fara í gönguferðir vegna

ófyrirséðra ástæðna. Starfsmenn eru mjög ánægðir með hvað börnin voru áhugasöm og virk í öllu starfi og fannst þá að starfið gengi vel.

Leikskólinn hefur allt frá upphafi lagt áherslu á metnaðarfullt samstarf við grunnskóla hverfisins. Bæði höfum við farið í gagnkvæmar heimsóknir auk þess að tveir elstu ágangar leikskólans hafa haft aðgang að íþróttahúsi grunnskólans. En að þessu sinni féll öll samvinna niður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. En við vorum heppin að fá tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefni við Myndlistaskólann í Reykjavík, sem var sérlega ánægjulegt. Við fórum í fimm tíma og þó að Covid hafi haft aðeins áhrif á fjölda skiptanna þá kom það ekki að sök. Verkefnin voru fjölbreytt og höfðuðu vel til barnanna sem nutu þess að takast á við krefjandi verkefni í nýju umhverfi, starfsfólk leikskólans naut líka góð af. Áætlað var að hafa sýningu í leikskólanum fyrir foreldra elstu barna á afrakstri samstarfsins. Þar sem það var ekki í boði höfðum við samband við Menningarmiðstöðina í Spönginni, bókasafnið, og fengum leyfi til að vera með sýningu þar á verkum barnanna auk skráninga. Sýningin var frá 25. janúar til 19. febrúar og hún var vel sótt. Börnin mættu með foreldra, systkini, ömmur og afa á safnið auk þess sem gestir og gangandi gátu notið. Jafnframt er gaman að segja frá því að stutt grein birtist í mars í Grafarvogsblaðinu, um þetta ánægjulega samstarfsverkefni. Sótt var um þátttöku á næsta ári. En því miður verður ekki af því.

Í sumar er lögð áhersla á að njóta útiverunnar og fara í gönguferðir um nágrennið. Á föstudögum eru fjölbreyttari tilboð í garðinum en aðra daga. Í lok maí hófst aðlögun á milli deilda, elstu börnin á Kardemommubæ fóru á Sjónarhól og önnur yngri bættust í barnahópinn á Kardemommubæ. Í kjölfarið færðust elstu börnin yfir á holukubbasvæðið, og fengu nafnið „Flakkararnir“. Áhersla með elstu börnin þessar síðustu vikur þeirra í leikskólanum er að efla sjálfstæði þeirra enn frekar, styrkja tengslin og víkka út sjóndeildarhring þeirra. Við förum í stuttar ferðir um nærumhverfi leikskólans auk lengri ferða um borgina. Í lengri ferðum okkar erum við að kynnst borginni, helstu kennileitum hennar og söfnum. Vegna Covid ástandsins í vetur þá hafði skólahópurinn ekki fengið að fara í heimsóknir í grunnskólann eins og áður hafði komið fram, en í maí og byrjun júní fengu þau að fara í heimsókn í 1. bekk auk þess sem skólastjórinn kynnti fyrir þeim byggingu skólans og fengu svo kynningu á frístundarheimilinu Hvergiland.

Endurmat á umbótaáætlun 2020-2021

Læsi/Læsisáætlun leikskólans/Lubbi:

Styrkleikar: Læsisáætlun leikskólans er yfirgripsmikil og metnaðarfull. Áætlunin var höfð að leiðarljósi við gerð námsáætlun deildanna og skipulagi í starfinu almennt. Allir starfsmenn þekkja hana og leggja sig fram um að vinna samkvæmt henni. Lubbi og málhljóðin er námsefni sem hefur nýst mjög vel í Leikur að læra og Barni vikunnar. Börnin eru áhugasöm og sýna mikinn áhuga á stöfum og tákni hans Lubba ýta enn frekar undir þann áhuga. Öll börnin þekkja málhljóð og táknræna hreyfingu fyrir sinn upphafsstaf/i.

Tækifæri til umbóta: Hafa í huga að Læsisáætlunin leikskólans er lifandi áætlun í stöðugri þróun.



Leikur að Læra:

Styrkleikar: Ágætlega gekk að vinna með „Leikur að læra“. Flest starfsfólk þekkir og hefur kynnt sér námsefnið en tveir starfsmenn á hvorri deild sáu um stundirnar en aðrir starfsmenn deildanna voru óöruggir og treystu sér ekki til að leiða stundir. Í upphafi settum við inn eina vinnustund á viku inni í leikskólanum og eina í útinámi aðrar hverju viku. Það tókst ágætlega að fylgja eftir einni stund á viku inni en útinámsstundin gekk ekki nema í örfá skipti. Börnin sýndu mikinn áhuga og voru vel virk, ef stundir féllu niður þá spurðu þau eða báðu um að fara í „Leikur að læra“. „Leikur að læra“ lögin um bókstafina voru líka notuð í samverustund. Vel gekk að vinna með bókstafi og rím en ekki hefur náðst að vinna eins markvisst með tölustafi, form og liti eins og áætlað var.

Tækifær til umbóta: Að marka okkur ákveðnari stefnu um hvernig við viljum vinna með „Leikur og læra“ og hvaða námsefni er notað fyrir hvern árgang.

Vináttuverkefnið Blær:

Styrkleikar: Námsefnið er mjög aðgengilegt, höfðar til barnanna og vel gekk að fylgja eftir námsáætlun. Auk þess sem orð, sönglög og sögubækur sem fylgja verkefninu var notað í daglegur starfi og fléttað inn í tónlistarstund og í frjálsan leik. Einnig voru verkefni unnin í tengslum við vinavikur og viðburði á haust og vorönn.

Tækifæri til umbóta: Að allir starfsmenn taka þátt í að vinna með námsefnið í samskiptum við börnin. T.d. gera það sem tekið er fyrir á hverju tímabili sýnilegra í umhverfinu og að starfsmenn endurspegli það í samtali við börnin.

Sköpun:

Styrkleikar: Börnin skapa daglega með leikefni, ritföngum, pappír og því sem þau eru með í höndunum inni og úti. Í hlutverkaleik búa þau til hlutverk og söguþráð sem er þeirra sköpunarverk. Enn fjölbreyttari efnivið til sköpunar er að finna í listkrók leikskólans sem staðsettur er fyrir framan yngri deildirnar. Listkrókurinn er vel skipulagður og allur efniviður hefur verið merktur. Því miður fengum við fá tækifæri til að nota hann þetta skólaár vegna sóttvarnareglna en um langan tíma var hann leikfangageymsla og síðan sóttvarnahólf. Starfsmenn voru duglegir að ná í efnivið úr listakróknum til að skapa börnunum tækifæri til að nýta þann efnivið sem listakrókurinn hefur að geyma. Deildarnar, matsalurinn og garðurinn voru nýtt og flest öll börn voru áhugasöm og nutu þess að taka þátt. Fjölbreytt verkefni voru unnin í myndsköpun en við veltum fyrir okkur hvort starfsmenn hugi nógu vel að því hvernig efniviðurinn er lagður fram svo að börnin fái tækifæri til að skapa á sýnum forsendum.

Vel gekk að fylgja eftir námsáætlun tónlistarstunda einu sinni í viku. Börnin tóku áhugasöm þátt í fjölbreyttum verkefnum og lærðu m.a. þulurnar vindurinn Vargur og Fingraþuluna. Einnig notuðu þau hljóðfæri og lærðu hugtök tengd tónlistinni. Börnin hlustuðu á tónverkið og söguna um Pétur og úlfinn, léku leikritið og teiknuðu myndir af sögupersónunum.

Samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur með elstu börnunum gekk einstaklega vel og mjög skemmtilegt og gefandi bæði fyrir börn og starfsfólk.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk ígrundi hvernig það geti stuðlað að fjölbreyttum tækifærum til að börnin geti skapað á sínum forsendum.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæ mir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýs ing og /eða mælikva rði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmi ði.
Vináttuverkefnið Blær:	Að allir starfsmenn taka þátt í að vinna með námsefnið í samskiptum við börnin.	Allir starfsmenn kynni sér námsefnið og tileinki sér námsefnið. Farið yfir áætlun á deildarfundum. Það sem tekið er fyrir í námsefninu er gert sýnilegt í umhverfinu og rætt við börnin. Upplýsa foreldra hvað við erum að ræða við börnin á hverju tímabili s.s. í fréttabréfi mánaðarlega.				Farið yfir Námsáætlun á mánaðarlegum deildarfundum skrá hvernig gengur og hvað má gera betur.	
Sköpun:	Að börnin fái næg tækifæri til að kanna fjölbreyttan efnivið njóta hans, virkja ímyndunaraflíð og skapa á	Umræður um hvaða efniviður er skapandi. Hafa hann aðgengilegan fyrir þau og virða sjálfstæði þeirra til sköpunar.					



	eigin forsendum. Að öll svæði leikskólans nýtist börnunum.						
--	---	--	--	--	--	--	--



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	17	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	Með sérkennslustjóra meðtöldum.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Við erum með læsisáætlun í leikskólanum.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Það er ekki til áætlun um snemmtæka íhlutun en við vinnum eftir þeim aðferðum sem mæta þörfum barnanna hvað allra best í samvinnu við foreldra og fagaðila. Munum vinna að slíkri áætlun fyrir sumar 2021.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	



Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, talmeinafræðingar og sjúkrabjálfa.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Sérkennslustjóri fari inn á deildar til að meta starf í tengslum við sérkennslu og meta þörf á frekari aðkomu inn á deildina vegna stuðnings.	Hingað til hefur það verið eftir þörfum að sérkennslu-stjóri hefur farið inn á deildar.	Sept 2021-maí 2022	Sérkennslustjóri	Ætlunin núna er að fara inn á deildar fast að hausti og vori til að fylgjast með og í framhaldinu meta hvort þörf sé á aukinni aðkomu eða ekki. Þar að auki unnið með ráðgjöf og stuðning við deildar t.d. með fræðslu inn á deildarfundir ef þörf er á.	Endurmat að vori.
	Auka vinnu við málörvunarhópa	Málörvunarhópar eða einstaklingsmiðuð málörvun verði til staðar.	Sept 2021-maí 2022	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Skriflegar skráningar, útfæra málörvunarhópa betur	Málörvun skipulögð út frá TRAS/Hljóm-2 og öðrum athugunum



	Snemmtæk íhlutun	Útbúa áætlun fyrir snemmtæka íhlutun í leikskólanum	Sept 2021-maí 2022	Sérkennslustjóri	Með því að gera bækling sem listar alla helstu þjónustu og leiðir sem hægt er að fara eftir þörfum einstaklingsins.	Verði tilbúið í Ágúst 2021
--	------------------	---	--------------------	------------------	---	----------------------------

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Tala einfalt mál, endurtaka orð, tala skýrt og leggja orð á hluti.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Unnið með flóknari heiti og nota orðagull.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Öll tvítyngd börn eru metin út frá TRAS. Út frá því er gerð einstaklingsnámskrá og skráningar í þjálfun fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Þessir þættir eru alltaf í huga í leik og starfi með börnunum.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Umbótaþættir Annað móður. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Meira samstarf við foreldra.	Til dæmis að sitja með í foreldra viðtölum. Vera í tölvupóst- samskiptum	Sept 2021- maí 2022	Sérkennslustjóri og deildastjórar	Halda vel utan um niðurstöður úr viðtölum og tölvupóstsamski ptum	Endurmat að vori.
	Gefðu 10	Inni á deildum, hópastarfi, útiveru, efla starfsmennina á deildunum. Skipta börnum í minni hópa og hver ber ábyrgð á sínum hópi	Sept 2021- maí 2022	Deildastjóri og starfsmenn leikskólans	Skrifleg skráning, sýnileiki.	Hverjum mánuði á deildarfundum
	Efla samstarf starfsfólks með tvítyngdu börnin.	Sitja á deildarfundum og fara inn á deildir eftir þörfum,	Sept 2021-maí 2022	Sérkennslustjóri og deildastjóri	Skriflegar skráningar og sýnilegar áætlanir	Endurmat að vori.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á þessu starfsári ætlum við að halda snerpusamtölum áfram. Snerpusamtöl eru fjögur stutt samtöl yfir veturinn sem standa yfir í ca. 15-20 mínútur hvert. Umræðuefni snerpusamtala er styrkleikar og hæfileiki, starfsandi, þjálfun og starfsþróun, tækifæri til vaxtar, nýsköpun og stöðugar framfarir. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Deildarstjórar taka samtöl við starfsmenn sinna deildar og sérkennslustjóri tekur samtöl við starfsmenn sem vinna að sérkennslu innan leikskólans. Fyrir hvert samtal fá starfsmenn umræðuefni og spurningar og hafa því tíma til að undirbúa sig og ef allir koma vel undirbúnir í samtalið þá ætti samtalið að fara fram innan skilgreinds tímaamma.



Fundir og samtöl við nýja starfsmenn fara fram á fyrstu þrem mánuði í starfi. Þar er farið yfir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, þjálfun, hvatningu og líðan á vinnustað. Það er í höndum aðstoðarleikskólastjóra að halda utan um móttöku og móttökuáætlun ásamt deildarstjórum. Deildarstjórar eru með leiðbeiningar- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Fræðsla starfsárið 2020-2021

- Starfsmaður frá „Leikur að læra“ kom með innspýtingu á skóladegi fyrir starfsfólk
- Fengum námskeið á skipulagsdegi frá Hugarfrelsi, jákvæðni, styrkleikar og tilfinningar leikskólabarna.
- Námskeið og kynning á vináttuverkefninu Blæ á vegum Barnaheilla á skipulagsdegi.
- Fyrirlestrar og kynningar á Menntastefnumóti 10. maí rafrænt á skipulagsdegi.
- Fyrirlestur um leik og opinn efnivið á skipulagsdegi.
- Höfum verið með teymi að stöfum í allan vetur og höfum teymisfundi einu sinni í mánuði. Teymin eru eftirfarandi: Leikur að læra, menntastefna, heilsuteymi, sýnileki og umgengi, matsteymi, græn skref og vináttuteymi/Blær.
- Tveir starfsmenn sóttu fagnámskeið 1.
- Trúnaðarmenn stéttarfélaga innan leikskólans sóttu fræðslu.
- Einn starfsmaður sótti grunn námskeið um einhverfu.
- Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu á Greiningar og ráðgjafastöðinni.
- Fjórir starfsmenn tóku þátt í lærdómssamfélögum á vegum Skóla og frístundasviðs.
- Tveir starfsmenn tóku þátt í verkefni á vegum Myndlistarskóla Reykjavíkur ásamt elstu nemendum leikskólans.
- Tveir starfsmenn hófu leikskólaliðanám.
- Á skipulagsdegi okkar í febrúar var stjórnendateymi leikskólans með örfyrirlestra.
- Einn starfsmaður sótti EFI II námskeið.
- Einn deildarstjóri tók þátt í hópahandleiðslu.

Áherslur og símenntun starfsárið 2021-2022

- Skyndihjálparnámskeið verður á skipulagsdegi í ágúst.
- Fræðsla á vegum Skóla -og frístundasviðs á gerð uppeldisfræðilegra skráninga og gerð umsókna vegna styrkja.
- Stefnum á námsferð innanlands haust 2021.
- Stefnum á námsferð erlendis vor 2022.
- Leikskólaráðstefna í febrúar 2022.
- Námskeið sem verða í boði hjá Skóla-og frístundasviði sem henta okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.
- Teymisfundir innan leikskólans
- Lærdómssamfélag á vegum Skóla -og frístundasviðs.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á síðasta skólaári ætluðum við að hefja samstarf við Borgaskóla en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þá varð ekkert úr því. En við stefnum á að hefja samstarf í haust. Elsti árgangurinn fór í eina skólaheimsókn í vor og einnig heimsóttu þau frístundaheimilið Hvergiland. Skólastjórinn sem tók við Borgaskóla hefur starfað í Kelduskóla/Víkurskóla og hafa þau verið í samstarfi við leikskólann Nes til margra ára með verkefni sem byggist á Söguaðferðinni. Við munum fara inn í þetta samstarf ásamt Nesi og vegna þessara breytinga verður fundað í byrjun september um það hvernig þessu samstarfi verður háttað. Lýsingin á samstarfinu er fengin að láni frá leikskólanum Nesi. Unnið er með söguaðferðina (e.story-line) í samstarfi við Borgaskóla. Teknir eru tveir sögurammar yfir veturinn. Ramminn fyrir áramót stendur yfir í átta vikur en tíu vikur eftir áramót og fara börnin einu sinni í viku 80 mínútur í senn í grunnskólann. 24 Leitast er við að skapa ævintýraheim þar sem börnin eru þátttakendur og leita sjálf lausna. Umhverfið er hvetjandi þar sem nám barnanna fer fram í gegnum leik. Fyrir áramót er tekið fyrir gamalt ævintýri og unnið með það en eftir áramót er tekinn rammi sem heitir „Að byrja í grunnskóla“ og eru heimsóknir til sérgreinakennara fléttaðar inn í. Í hverjum ramma er reynt að skapa ævintýraheim sem hvetur börnin til að lausna á vandamálum sem upp koma. Það er mikilvægt að gleyma ekki leiknum í þessari vinnu, því í gegnum leik læra börnin mest. Söguaðferðin er kennsluáðferð sem hentar börnum mjög vel þar sem hún býður upp á spennu og ævintýr. Í lok hvers ramma er haldin hátíð eða sýning þar sem foreldrum er boðið að koma og sjá afraksturinn.

Markmið með heimsóknunum er:

- að efla enn frekar samvinnu leik-og grunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiga
- að undirbúa börnin gegnum leik fyrir næsta skólastig t.d. lestrar-og stafabjálfun, talnaskilning og hugtakabjálfun.

Hverju skilar starfið:

- Eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum.
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans.
- Eykur áhuga á ritmáli og hvetur börnin til þess að skrifa.
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar.

Markmið samstarfs Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru. Leikskólinn nýtir íþróttasal í Borgaskóla eins og kostur er fyrir þrjá elstu árgangana. Næsta skólaár verða elstu börnin (ca 21 börn) á Sjónarhóli.



8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur. Á foreldrafundi leikskólans í september er kosið í foreldraráð og foreldrafélag, en nú starfa þrír fulltrúar í ráðinu og fimm fulltrúar í félaginu.

Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi í foreldraráði situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldrafundur verður í haust þar sem farið verður yfir starfið sem er framundan. Það hefur komið fram sú hugmynd að gera kynningarmyndband um starfið sem síðan verður sent til foreldra, sett á facebook síðu leikskólans og á heimasíðu, þar sem sýnt er í máli og myndum hvað við erum að gera og hvað við leggjum áherslu á. Það hafa verið vangaveltur um það hjá okkur hvað við getum gert til að allir foreldrar/forráðamenn séu upplýstir um starf leikskólans, því mæting á foreldrafundi hefur verið ansi dræm. Með því að hafa sýnilegt kynningarmyndband um starfið og áherslur leikskólans geta foreldrar/forráðamenn skoðað myndbandið þegar þeim hentar. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldrasamtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Foreldradagar verða 29. mars - 31. mars 2020. Þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína



verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti. Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er fenginn túlkur til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuaðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldrasamtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítyngd fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. Skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi, endurmat og skipulagningu.

Skipulagsdagar starfsárið 2021-2022

- **Mánudaginn 23. ágúst 2021.** Undirbúningur fyrir nýtt starfsár. Námskeið í skyndihjálpi.
- **Mánudaginn 4. október 2021.** Sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla Grafarvogi.

Stefnum á námsferð innanlands.
- **Föstudaginn 3. desember 2021.** Námskeið/fyrirlestur/fræðsla.
- **Mánudagur 7. febrúar 2022.** Skipulagsdagur, Leikskólaráðstefna.
- **Miðvikudaginn 25. maí 2022.** Námsferð starfsfólks erlendis. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
- **Föstudaginn 27. maí 2022.** Námsferð starfsfólks erlendis. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
- Sjá nánar leikskóladagatal 2021-2022 fylgiskjal 10.2.





10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Nafn leikskóla**

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergþóra Guðnadóttir
Katrín Hólm Árnadóttir
Ylfa Sigþrúðardóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Ritað af: Bergþóru og Ylfu f.h. foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur móttengið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022 sem og leikskóladagatal 2021-2022. Starfsáætlunin er hnitmiðuð, metnaðarfull og í samræmi við einkunnarorð sem og stefnu leikskólans.

Það er mjög athyglisvert að sjá hversu fáir starfsmenn tóku þátt í starfsmannakönnun leikskólans og ekki er komist hjá því að velja því fyrir sér hvort þeir starfsmenn sem ekki svöruðu hafi gleymt því, ekki haft áhuga á því eða ekki þorað að segja sitt raunverulega álit. Það tóku eingöngu 11 starfsmenn af 26 starfsmönnum þátt, eða tæp 43%, sem er lækkun um 3% frá í fyrra þegar 46% starfsmanna tók þátt í könnuninni (skv. upplýsingum úr umsögn foreldraráðs fyrir starfsáætlun 2020-2021). Hér eru um mjög dræma svörun að ræða og mörg tækifæri fyrir stjórnendur að reyna að bæta úr svörun starfsmanna á komandi starfsári. Við veltum því fyrir okkur hvort niðurstöðurnar hefðu ekki breyst með betri svörun þar sem könnunin telst varla marktæk með tilliti til dræmrar þátttöku og það vekur upp ákveðnar áhyggjur að sjá liðina starfsöryggi, viðurkenning og ímynd og vinnuaðstaða lækka á milli ára. Sjálfsgætt getur óvissa á tímum heimsfaraldurs spilað þarna inni en til samanburðar svöruðu um 78% foreldra könnun frá leikskólanum (snýr að ytra mati leikskólans). Foreldraráð vonast til að sjá betri svörun hjá starfsmönnum á komandi starfsári.

Endurmat umbótabátta fyrir veturinn 2020-2021 er sýnilegt og einnig eru tækifæri til úrbóta lögð vel fram með skýrum tímaramma á komandi starfsári. Ánægjulegt er að sjá þetta sett skilmerkilega fram og skipt niður á hverja deild fyrir sig, sem og sérkenntu og málörvun og þátttöku fjöltyngdra barna. Þrátt fyrir fordæmalaust skólaár sem nú er liðið er ánægjulegt að sjá að fræðsla starfsmanna sem og snerpusamtöl starfsmanna héldu sínu striki og að markmið leikskólans um fræðslu og endurmenntun starfsmanna á komandi starfsári sem og snerpusamtöl eru mjög skýr.

Eins og áður eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári sex talsins og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið og kemur það eingöngu einu sinni fyrir að fleiri en einn skipulagsdagur verði teknir samfelld, en það er næstkomandi vor þegar starfsmenn fara í námsferð erlendis. Skóladagatalið er einnig með hefðbundnu sniði og það er ánægjulegt að sjá fjölbreytt skipulag á dagskrá fyrir komandi ár. Skóladagatalið hefur að geyma nokkra rótgróna og almanakstengda gleðidaga í bland við aðra skemmtilega þemadaga sem munu allir falla í góðan jarðveg hjá börnum leikskólans.

Okkur þykir miður að ekki náðist að framfylgja metnaðarfullu samstarfi með Borgaskóla og frístundarheimilinu Hvergilandi í vetur fyrir elstu börnin en aðstæður leyfðu þó ekki fulla og óskerta samvinnu síðastliðinn vetur. Við teljum að samstarfsverkefni við Myndlistaskóla Reykjavíkur hafi þó komið sterkt inn og gefið „flökkurunum“ mikla ánægju, sjálfsöryggi og eflt þau fyrir komandi tíma í grunnskóla. Við trúum því heilshugar að þetta samstarf við grunnskólann muni koma sterkt inn á komandi starfsári og efla og styrkja þau 21 skólabörn sem fara í grunnskóla haustið 2022.

Það er áhugavert að lesa niðurstöður endurmats á leikskólanum hjá börnum fæddum 2015 og 2016. Það er gleðilegt að sjá að langflestum börnunum líkar vel í leikskólanum og hvað þau eru ánægð með




veru sína þar. Útisvæði leikskólans er einstaklega heppilegt fyrir fjöruga krakka og með tvo leiksvæðum er hægt að auka fjölbreytnina í leikvali barnanna sem og aðskilja hópa ef þurfa þykir, til að mynda elstu hópana frá yngstu hópunum. Sjálfsefning og sjálfstæði barnanna er höfð að leiðarljósi í matartímum með opnum matsal sem styrkir þau í sínu vali og sjálfsöryggi. Hávaða gagnrýni eins þátttakanda í endurmatinu er góð og gild, enda myndast eflaust kliður þegar allir hópast saman í upphafi matartímans. Það er ánægjulegt að heyra að það fyrirkomulag matartímans verði mögulega tekið upp á yngri deildum, þó það gæti verið meiri áskorun fyrir yngstu börnin á Álfhól.

Starfsáætlun komandi árs er í senn metnaðarfull og markviss og vonum við svo sannarlega að hún fái að standa óáreitt. Síðasta starfsár var fordæmalaust með öllu sökum covid 19 heimsvár sem hafði áhrif á alla starfsemi leikskólans sem og starfsmenn og börn í leikskólanum. Leikskólan fékk á sig aragrúa af áskorunum og sumar hverjar með stuttum, jafnvel engum fyrirvara. Starfsmenn leikskólans leystu allar þessar áskoranir og rúmlega það! Starfsfólk Hulduheima á hrós skilið fyrir sína óeigingjörnu vinnu síðastliðið starfsár, en með ykkar góða skipulagi, samstarfi milli deilda, mikilli samvinnu starfsmanna sem og góðri upplýsingagjöf til foreldra þá sýnduð þið okkur foreldrum að þið eruð þéttur hópur sem hægt er að treysta á þegar á reynir og fyrir það erum við ykkur mjög þakklát.




10.2 Endurmat barna 2021-2022


Lagðar voru níu spurningar fyrir börn fædd 2015 og 2016. Í árgangi 2015 svöruðu 11 börn, þrjár stúlkur og átta drengir. Í árgangi 2016 svöruðu tíu börn, fimm stúlkur og fimm drengir. Notast var við ljósmyndir af svæðum leikskólans bæði inni og úti til að auðvelda börnunum að átta sig á við hvað var átt með spurningunum. Einnig voru þrír „tilfinningakallar“ notaðir í spurningum: 1, 4, 5, 9 og 10.




Fimm strákar og þrjár stelpur svara að þeim líði vel í leikskólanum, ein stelpa svarar ágætlega og ein svarar illa. Þegar spurt var af hverju líður þér ekki vel, svaraði önnur stúlkan „veit ekki“ en hin „mér líður venjulega en stundum reið“. Svör þeirra barna sem líður vel í leikskólanum voru oftast, ég veit ekki, bara, af því allir eru vinir mínir og mér finnst gaman að leika og ég er glaður.




Átta af 11 börnum svara að þeim líði vel í leikskólanum en tveim strákum líður ágætlega, ein stelpa að sér líði illa. Þegar spurt var, af hverju líður þér ekki vel, var fátt um svör. En stúlkan sem svaraði illa, sagði „þegar einhver væri að meiða mann“.




Stelpurnar dreifast um öll svæði leikskólans en flestum strákum finnst skemmtilegast að vera á holukubbasvæðinu og í útiveru.




Holukubbasvæðið er vinsælast hjá strákunum en stelpunum finnst skemmtilegast að vera hvar sem er.




Rólurnar í leikskólanum eru greinilega vinsælastar af þeim leiktækjum sem eru í garðinum.




Kastalinn er vinsælastur hjá strákunum en flestar stelpurnar svara að skemmtilegast sé að vera út um allan garð.




Öll börnin svara að þeim líði vel í matsalnum, en við byrjuðum með hann haustið 2020.



Börn fædd 2015 voru ekki eins ánægð með matsalinn og 2016 árgangurinn, en tveir strákar og ein stelpa svöruðu að það væri ágætt og einn strákur sagði að sér liði ekki vel. Þegar spurt var um ástæðu þá svöruðu börnin að: „það væri svo mikil læti, af því að ég er búin að borða svo mikið, stúlkan sem svaraði að sér liði ágætlega sagði að það væri svo erfitt að borða mat sem henni finnst ekki góður“.




Flestir eru mjög ánægðir með matinn í leikskólanum. Einnig spurðum við um hvaða matur væri bestur




Þá voru svörin mjög fjölbreytt, tveir nefndu grjónagraut, tveir pizza svo var nefnt; núðlur, kjöt, kjötbollur, pasta, hamburgara og lasagne. Mjög jákvætt var að börnin nefni margskonar rétti.


Sjö af átta strákum svara að þeim líki vel við matinn í leikskólanum, einum finnst hann ágætur. Ein stelpa af þremur finnst maturinn góður en tvær ágætur. Þegar spurt var hvaða matur væri bestur sögðu flestir fiskibollur eða fimm af 13 börnum (voru í matinn þennan dag) einnig nefndu þau pasta, brauð, grjónagraut og kjötbollur.




Það er gott til þess að vita að allir í árgangi 2016 eiga vin/vini í leikskólanum




Allar stelpurnar eiga vin/vini. Sjö af átta strákum segjast eiga vin/vini en einn drengur segist ekki eiga vin/vini í leikskólanum.




Fimm börn svöruðu að það væri eitthvað leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum og fimm að svo væri ekki. Þegar spurt var hvað það væri þá svöruðu þau, þegar einhver meiðir, að borða eitthvað ógeðslegt og að búa til eitthvað leiðinlegt. Þegar spurt var hvað við gætum gert til að laga það þá svöruðu börnin, veit ekki, segja stopp kærri vinur, elda matinn í 3. mínútur og með því að æfa sig. 😊




Sjö af 11 börnum svöruðu að það væri eitthvað leiðinlegt eða erfitt í leikskólanum og fjögur að svo væri ekki. Þegar spurt var hvað það væri sem væri leiðinlegt eða erfitt þá svöruðu þau: „að bíða eftir hjólunum, þegar enginn er að gera kúlubraut fyrir mig, út af það er svo mikill hávaði, að gera verkefni og ein stúlkan svaraði að það væri erfitt að finna nýjan vin“. Þegar spurt var hvað við gætum gert til að laga það þá svöruðu börnin, „veit ekki og að skiptast á“. Sá sem fannst mikill hávaði kom með þá lausn að kennarinn gæti verið með gjallarhorn. 😊




Flest öllum börnum fannst gaman í LAL en tveimur börnum finnst ágætt. Þegar spurt var hvað væri skemmtilegast þá svöruðu þau; „dýrin, að leika, gaman að setjast í hringinn, að hoppa á einum fæti, skrifa nafnið mitt og að skila hringjum“.



Öll börnin eru ánægð með „leikur að læra“. Ein stúlka svaraði „ég man það ekki“ og er hennar svar því ekki hér inni. Þegar spurt var hvað væri skemmtilegast þá svöruðu þau, „bara allt, að hoppa eins og froskur, gera mitt hús, gera mína stafi, gera æfingar og þrautabraut“.



Öllum börnunum nema einu finnst kennararnir góðir/skemmtilegir. Þau orð sem börnin notuðu til að svara voru: „góðir, fínir, gaman að vera með þeim, sumir pirrandi, mjög bestir sko og skemmtilegir“.



Allar stelpurnar eru ánægðar með kennarana og allir strákar nema einn. Þegar hann er spurður af hverju þá svaraði hann „sko ef ég klessi á einhvern og kennarinn horfir á þá er hann að skamma mig“ Þau orð sem börnin notuðu til að svar voru: „ég elska þá, allir kennararnir eru góðir, skemmtilegir og góðir kennarar“. 😊



Niðurstöður/Samantekt:

Samkvæmt svörum barnanna þá yfir heildina líður þeim vel í leikskólanum, þó er eitt barn úr hvorum aldurshópum sem líður ekki vel í leikskólanum sem er tveimur of mikið.

Tækifæri til umbóta: Vinna markvisst með Blæ, að hann/hún verði hluti af starfi leikskólans og komi inn í flesta ef ekki alla þætti leikskólastarfsins. Ræða líðanin og hvaða tækifæri börnin sjálf sjái í gegnum Barnaþing.

Þau svæði innan leikskólans sem flestum börnunum fannst skemmtilegast að vera á þá var Holukubbasvæðið vinsælast hjá strákunum úr báðum aldurshópum. Stelpunum úr báðum aldurshópum virðist ekki skipta máli hvaða svæði sé um að ræða, þeim finnst skemmtilegast að vera hvar sem er í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta: Hafa svæði þar sem börnin hafi tækifæri til að geyma byggingar sínar og vinna áfram með þær. Með opnum efnivið þá bætast við tækifæri til að auðga leik barnanna.

Rólurnar og kastalinn virðast vera vinsælustu svæðin í útiverunni. Stelpurnar virðast hafa gaman að öllum svæðum í útiveru.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með tilboð í garðinum á föstudögum yfir sumartímann.

Þegar börnin voru spurð um álit sitt á matsalnum þá svöruðu öll börn fædd 2016 vera ánægð með matsalinn og líða vel þar.

Börn fædd 2015 voru ekki eins ánægð með matsalinn en tveir strákar svöruðu að þeim liði ekki vel þar, það væri mikill hávaði. Einni stelpu finnst erfitt að borða mat sem henni finnst ekki góður.

Tækifæri til umbóta: Það var sett hljóðeinangrun (þrjár myndir) í matsalinn en ein af þeim var tekin niður þannig að príhyrningurinn sem þarf að myndast er ekki til staðar. Þarf að finna betri lausn þannig að hún virki sem slík. Hlerinn í eldhúsið varð til þess að ein myndin var tekin þar sem hún var sett þar.

Flest börnin eru ánægð með fjölbreyttan mat sem þau fá í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Eitt barn úr báðum árgöngum segist ekki eiga vin í leikskólanum en aðrir segjast eiga vin.

Tækifæri til umbóta: Að vinna með Blæ markvisst í gegnum allt leikskólastarfið sem er forvarnarefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum.

Þegar börn úr 2016 árgangi voru spurð hvort það væri eitthvað erfitt eða leiðinlegt í leikskólanum þá svöruðu fimm börn að svo væri. Það væru þættir eins og þegar einhver væri að meiða, þegar þau væru að búa til eitthvað leiðinlegt og þegar það væri ekki góður matur.

Tækifæri til umbóta: Innleiða lausnahringinn og hafa Blæ markvisst með í starfi leikskólans ásamt því að skapa umræður í gegnum Barnaþing.

Almenn ánægja er með „Leikur að læra“ hjá báðum árgöngunum.

Tækifæri til umbóta:



Flest börnin úr báðum árgöngum eru ánægðir með kennarana sum það ánægð að þau játa ást sína á þeim og segjast elska kennarana, einstaka kennarar geta verið pirrandi en samt allir góðir og skemmtilegir.

Tækifæri til umbóta:





Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: **Hulduheimar**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M	Vínáttuvika	1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	
2 M	Frídagur verslunamanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	Skipulagsdagur	3 M		3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	
4 M		4 L		4 M	Sameiginl. Skipulagsdagur	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ	Jarðskjáltaæfing	5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M	Grænn dagur	6 M		6 L		6 M		6 F	Þrettándinn Leikfangadagur	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M	Skipulagsdagur	7 M	Brunaæfing í vikunni	7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ	Vínavika	8 Þ		8 F		8 S		8 M	Útleikfangadagur
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Rauður dagur	9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M	Jólaverkstæði	10 F		10 M	Brunaæfing í vikunni	10 F		10 F		10 S	Pálmasunnudagur	10 Þ		10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	Stekkjastrur kemur til byggða	11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálans	11 F	Hattadagur	11 M		11 M	Gulur dagur	11 L	
12 F	Opnum eftir sumarfrí	12 S		12 Þ	Tækniklukkutími	12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ	Blár dagur	12 F		12 S	Sjómannadagurinn
13 F		13 M	Brunaæfing í vikunni	13 M		13 L		13 M		13 F	Tækniklukkutími	13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	Þjóðhátíðarvika
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	Þjóðhátíðarvika
15 S		15 M		15 F		15 M	Brunaæfing í vikunni	15 M	Jólaball	15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	Þjóðhátíðarvika
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu Slókvíð heimssákir börn fædd 2016	16 F		16 S		16 M	Óskudagur	16 M		16 L		16 M		16 F	Þjóðhátíðarvika
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F		17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F	Demukaffi	18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M	Vasalýðsdagur	19 L		19 L		19 Þ		19 F	Útskrift elstu barna	19 S	
20 F		20 M	Foreldrafundur	20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F	Útskriftarferð	20 M	Hjóladagur
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Böndadagur Herrakaffi	21 M		21 M	Litrikur sokkadagur	21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	Hjóladagur
22 S		22 M		22 F	Bleikur dagur	22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F	Barnamenningarhátíð	22 S		22 M	Hjóladagur
23 M	Skipulagsdagur	23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ	Aðlögun hefst	24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	Snúðahlaup
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M	Barnamenningarhátíð	25 M	Skipulagsdagur	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F		26 S	Annar í jöllum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F		27 M		27 M	Bangsadagur / náttfatadagur	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M	Tækniklukkutími	27 F	Skipulagsdagur	27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M		28 M		28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.